



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Virk þátttaka foreldra í námi barna

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Virk þátttaka foreldra í námi barna
- GSM
- Fuglasöfnun
- Matarliðar
- Umhverfisvika
- Bókagjafir
- Reyklaus bekkur
- Foreldrarölt
- Góða nótt
- Könnun um líðan nemenda
- Skólamyndir
- Háttvísasti bekkurinn
- Vetrarfrí
- Brosbók
- Kennaranemar

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Nú þegar skólaárið er hafið, skólakynningum lokið og upplýsingaflæði milli skóla og heimila með ágætum finnst mér rétt að skrifa nokkrar línur um þátttöku foreldra í námi barna.

Að eiga barn á grunnskólaaldri krefst mikils af foreldrum. Það er að ýmsu að hyggja. Væntingar okkar til barna okkar eru oft miklar og við leggjum oft á þau þungar byrðar, t.d. hvað varðar gæslu á yngri systkyngum og fleiri "skylduverka" á heimilinu auk náms, íþrótta- og félagsstarfa.

Öflug tenging heimila og skóla eru nauðsynleg. Ein helstu rökin fyrir því að foreldrar tengist skólum náði byggjast á niðurstöðum fjölda rannsókna að þátttaka foreldra og áhugi hafi veruleg áhrif á námsgengi barna. Foreldrum er annnt um að börn sín taki framförum í námi og foreldrar þurfa einnig að fá að vita hvaða forsendur liggja að baki þegar frammis-

taða barna þeirra er metin.

Hver sem bakgrunnur foreldra kann að vera er samstarf við þá auðlind sem Áslandsskóli hefur allt frá upphafi talið skynsamlegt að virkja. Nauðsynlegt er að slíku samstarfi séu sett skýr markmið og það einkennist af trausti, bjartsýni og virðingu. Þannig skapar það verulega möguleika á að hafa jákvæð áhrif á skóla-starfið.

Þó svo að kennari sé að jafnaði einn með nemendum í kennslustofunni fer því fjarri að það sem þar gerist sé einkamál hans. Allt skóla-samfélagið ber sameiginlega ábyrgð á árangri kennslunnar.

Umhyggja, áhugi og virk þátttaka foreldra í námi barna eru bráðnauðsynleg atriði til að árangur verði framúrskarandi. Því hefur þátttaka foreldra í menntandi og þroskandi viðfangsefnum á heimilinu og í skólanum mikil áhrif á námsárangur barna. Það að t.d. lesa með

eða fyrir börnin, sjá þeim fyrir bókum, sækja fundi er tengjast námi þeirra og starfi í skólanum ásamt þátttaka í námsferðum eru allt hlutir sem hægt er að finna sig í. Þátttaka í skólakynningum, námskeiðum sem boðið er uppá eða einfaldlega að merkja við í lestrarbókina, allt hefur þetta áhrif til betri vegar.

Það er því nauðsynlegt, nú í upphafi skólaárs, að við foreldrar lítum í eigin barm og skoðum hvort við sýnum námi barna okkur nægilegan áhuga. Áhuga sem fleytt gæti nemendum upp brattar brekkur á námsferlinum. Öll höfum við mikið að gera við að færa bjargir í bú en það má ekki hafa þau áhrif að við gleymum að rækta það dýr-mætasta sem við eigum.

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

KÖNNUN UM LÍÐAN NEMENDA

Á næstunni verða lagðar fyrir nemendur árlegar kannanir um líðan þeirra í skólanum. Á yngsta stigi verður farið inn á líðan nemenda inni í kennslustundum, frímínútum og íþróttum. Í könnuninni fyrir eldri nemendur, 4.-10. bekk, verður farið inn á vinnufrið, stríðni og almenna líðan í skólanum. Sambærileg könnun verður síðan að venju lögð fyrir í marsmánuði til samanburðar.

Tilgangurinn með könnunum sem þessum er að afla upplýsinga um umfang eineltis og hegðunarvandkvæða, hvar slíkt fer oftast fram og hvenær. Þá ættu niðurstöðurnar einnig að gefa okkur einhverja hugmynd um það hvernig nemendum okkar líður í skólanum. Einnig má lesa úr þessum upplýsingum hversu útbreitt vanda málið er meðal drengja annars vegar og telpna hins vegar á mismunandi aldri.

Umsjónarkennari vinnur úr niðurstöðum í sínum bekk, ræðir við einstaka nemendur ef þurfa þykir og hefur samband heim þar sem hann sér ástæðu til. Þannig er lögð áhersla á að heimili og skóli vinni í sameiningu að velferð nemenda. Fundir með foreldrum í skólanum, þar sem málið er tekið fyrir af festu og alvöru á báða bóga, hafa skilað miklu. Skólinn hefur þannig hvatt til samvinnu við foreldra einstakra nemenda þar sem unnið er sameiginlega að velferð þeirra. Á mið- og elstastigi skólans verða spurningar á borð við "Hvaða krakkar trufla í kennslustundum?" "Hverjum er mest strítt?" "Hverjir stríða mest?". Að sjálfsgöðu verða foreldrar þeirra nemenda sem þarna eru nefndir upplýstir um staðreyndir eins og getið er um hér að ofan. Ég vil leggja áherslu á að foreldrar verða einungis upplýstir um stöðu sinna barna, málefni annarra nemenda eru trúnaðarmál.

Skólinn ber aðalábyrgð á að hafa frumkvæði að því að skipuleggja hvernig vinna ber gegn einelti í skólanum og að samhæfa starfið. Könnunin sem hér um ræðir er liður í því starfi skólans. Þá hefur eineltisráð/nemendaverndarráð skólans unnið að aðgerðaáætlun eineltismála sem þegar hefur verið kynnt starfsfólki og foreldrum, áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans svo og tilkynningareyðublöð. Ef þurfa þykir verður haft samráð við foreldraráð skólans til þess að koma til aðstoðar við að gera áætlun um hvernig heimili og skóli geta unnið að því í sameiningu að fækka slíkum málum í skólanum. Einelti er ekki liðið í Áslandsskóla, - öllum, bæði nemendum og starfsfólki, á að líða vel í skólanum. Við væntum þess að allt starfsfólk skólans geti unnið samkvæmt sínu besta og þá eru nemendur með taldir. Það sem gerir skóla að skóla er það fólk sem í honum er og að sjálfsgöðu aðstandendur nemenda. Það er ekki þar með sagt að í skólanum sé ekkert einelti. Ef þú telur líklegt að barnið þitt verði fyrir síendurteknu áreiðu áttu alls ekki að sætt þig við það. Hafðu samband við umsjónarkennarann ef svo er. Við lítum ekki á áhyggjur foreldra sem "nöldur". Skólinn hefur sannarlega vilja til að takast á við þetta verkefni af festu og alvöru.

Ég hvet alla foreldra til að vinna með okkur að góðum samskiptum í skólanum. Varist að segja "Nei mitt barn gerir ekki svona, þetta er ekki honum/henni að kenna, hinn er alltaf að trufla, lemja ... Það gagnast ekki barninu þínu ef þú afsakar framkomu þess. Ef við vinnum saman getum við náð mikilsverðum árangri nemendum okkar og börnunum ykkar til heilla.

Besta ráðið við reiði er örlítill umhugsun (Seneca). / Það er alltaf hægt að bæta orði við, en aldrei unnt að taka orð aftur (Machiavelli).

HÁTTVÍSASTI BEKKURINN

Á sameiginlegri morgunstund á dögnum var háttvísasti bekkurinn útnefndur.

Að þessu sinni voru það 5.—HF / Tunglheimar sem hlutu viðurkenningu fyrir háttvísi í upphafi skólaársins. Þau fengu bláan fugl, viðurkenningarskjál og bikar til varðveislu eitt tímabil.

Næstu háttvísiverðlaun verða veitt á næstu sameiginlegu morgunstund nemenda í Áslandsskóla.



VETRARFRÍ

Vetrarfrí er í Áslandsskóla föstudaginn 27. október og mánudaginn 30. október.

Skipulagsdagur tekur síðan við þriðjudaginn 31. október.

Nemendur eru því í vetrarleyfi þessa daga.

Vetrarfrí er hugsað sem gott tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk skólans til brjóta upp starfið, hlaða orkubirgðirnar og koma síðan endurnærð til starfa miðvikudaginn 1. nóvember.

SKÓLAMYNDIR

Skólamyndataka var í skólanum á dögnum.

Myndatökur tókust afskaplega vel og var Bjarni Jónsson ljósmyndari frá Mynd einstaklega ánægður með þróðmennsku nemenda skólans og skipulag við myndatökur.

Bekkjarmyndirnar eru afskaplega skemmtilegar og er ánægjulegt að sjá samleitan hópinn í skólafatnaði á myndunum.

Þá er fyrirkomulag einstaklingsmynda sniðugt en þar fá einstaklingarnir nokkrar stærðir mynda sem þeir geta nýtt sér.

REYKLAUS BEKKUR

Í ár hafa 7. og 8. bekkir skráð sig í keppnina "Reyklaus bekkur" sem haldin er á hverju ári.

Keppnin var fyrst haldin í Finnlandi fyrir sextán árum en Ísland er nú með í áttunda sinn.

Allir 7. og 8. bekkir á landinu geta tekið þátt, svo fremi að enginn nemendanna reyki.

BROSBÓK

Nú hefur Brosbókin farið heim til forráðamanna og borist skólanum að nýju.

Brosbókin er sjálfsmatsbók í 1.—5. bekk þar sem nemendur meta eigin frammistöðu ásamt forráðamanni. Bókin berst síðan aftur í skólann þar sem kennari metur sömu þætti.

Að því loknu setja nemandi og forráðamaður sér ný markmið.

MATARLIÐAR

Matarliðar eru hópur nemenda sem hjálpa til við að ganga frá eftir hverja máltíð í skólanum.

Hver gengur auðvitað frá eftir sig þegar viðkomandi er búin að borða, en matarliðar hjálpa til við að þurrka af borðum, raða stólum, sópa og gera allt hreint og fínt.

Skipulag matarliða virkar þannig að umsjónarkennari skiptir sínum bekk í smærri einingar. Hver eining heldur síðan utan um einn dag vikunnar sem matarliðar.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist einstaklega vel þó auðvitað megi alltaf bæta umgengni hér sem annars staðar.

GSM

Að gefnu tilefni er rétt að taka það fram að notkun GSM farsíma er bönnuð í skólanum.

Verði nemendur uppvísir af notkun slíkra tækja eða ef heyrast í slíkum tækjum þá eru símarnir teknir af nemendum og þeim komið til skólastjóra.

Símarnir eru síðan einungis afhentir forráðamönnum og ekki dugar fyrir forráðamenn að hringja í skólann og óska eftir að nemendur fái þá aftur.

KENNARANEMAR

Kennaranemar frá Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri eru fastagestir hér hjá okkur í Áslandsskóla.

Nú eru þrjú kennaranemar á 3ja ári staddir í skólanum í vettvangsnámi og von er á fleirum síðar á skólaárinu.

FUGLASÖFNUN

Einhverjir nemendur hafa komið heim með "fugl" úr skólanum. Þannig er mál með vexti að nemandi getur fengið fugl (rauðan, gulan eða grænan) fyrir jákvæða hegðun. Allir starfsmenn hafa hjá sér "fugla" sem þeir geta látið af hendi til nemenda sýni þeir jákvæða hegðun.

Bekkurinn safnar síðan "fuglum" og þegar tilteknum fjölda "fugla" er náð er haldin "fuglaveisla" í bekknum. "Fuglamir" eru í nafnspjaldaformi og stundum er ritað á þá og stundum ekki. Það breytir engu um verðgildi þeirra.

Háttvísasti bekkur ákveðins tímabils getur síðan fengið bláan fugl sem hefur meira vægi en hinir. Blái fuglinn er einnig veittur fyrir sérstaka frammistöðu / framkomu bekkja í skólanum.

BÓKAGJAFIR

Bókasafni skólans hafa borist margar fráberar bókgjafir.

Guðrún Einarsdóttir bókasafnsfræðingur hefur staðið í ströngu við að merkja, plasta og skrá allar þessar bækur að undanförmu.

Reyndar hafa ýmiss spil og myndbönd einnig borist.

Við viljum nota þetta tækifæri til að senda ykkur kærar þakkir fyrir þessar rausnalegu gjafir til bókasafnsins.

UMHVERFISVIKA

Hver bekkur skólans fær úthlutað umhverfisviku 2-3 á skólaárinu.

Í umhverfisviku fær viðkomandi bekkur sérstakt skilti í stofuna sína en skiltið gefur til kynna að viðkomandi bekkur sé með umhverfisviku.

Bekkurinn hugar þá að umhverfi skólans, týnir rusl, sópar og fleira.

Í vikulok skilar bekkurinn skiltinu og syngur Ruslasönginn fyrir næsta umhverfisbekk.

En auðvitað eiga allar vikur að vera umhverfisvikur.

Göngum vel um!



GÓÐA NÓTT

Svefninn er öllum mikilvægur. Svefninn veitir hvíld og endurnýjar orku. Þar vinnum við úr áreitum og áhrifum svo góður svefn skiptir miklu máli.

Svefnþörf er mjög einstaklingsbundin og minnkar venjulega með aldrinum. Yngri skólabörn þurfa 10-12 klst svefn á nóttu til að vera hress á daginn. Eldri börn þurfa a.m.k. 6-8 klst svefn meðan þau eru enn að vaxa.

Mikilvægt er að miða svefninn við skólatíma svo barnið sé útsofið og ánægt í skólanum. Annars er hætt við að námið fari fyrir ofan garð og neðan auk þess sem morgnar verða eilíft stríð. Foreldrarir verða því að halda um stjórntaumana svo barnið þrífist vel. Það er bjarnargreiði að leyfa þeim að vaka fram eftir kvöldi fyrir skólalag.

Góður, langur og órofinn nætursvefn virðist stuðla að betri einbeitingu og hjálpa til að byggja upp ónæmiskerfið til varnar sjúkdómum.

Gefið tíma í undirbúning fyrir svefninn og gerið háttatímamann að ánægjulegri stund saman.

*Kveðja
Skólahjúkrunarfræðingur*



FORELDRARÖLT

Skólaárið 2004-2005 hófst formlegt foreldrarölt í Áslands og Vallahverfi. Markmiðið með foreldraröltinu er að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útvist barna og unglunga og að koma í veg fyrir hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útvistartíma er lokið. Þetta fór rólega í gang fyrst árið en þá voru það aðallega meðlimir í stjórn foreldrafélagsins sem gengu. Fjöldmargir bættust í hópinn í fyrra. Aðallega er gengið eftir lokun félagsmiðstöðvarinnar á föstudagskvöldum, frá ca. 23 til rúmlega miðnættis. Það er gaman að geta sagt frá því að aldrei varð vart neinna vandræða á síðasta skólaári sem grípa þurfti inn í.

Í vetur verður hafður sá háttur á með skipulag foreldrarölsins að bekkjartenglar munu sjá um að manna röltið, en enginn þarf að hafa áhyggjur af því að verða genginn upp að hnjúm því fjöldi nemenda er það mikill að ef allir foreldrar í skólanum taka að sér að ganga þá gæti maður þurft að gera það svona einu sinni annað hvert ár.

Við vitum að margir munu spyrja af hverju þeir ættu að ganga, kannski sérstaklega þeir sem eru með yngstu börnin. Ástæðan er einföld. Við berum öll ábyrgð á hverfinu okkar. Hverfi sem er laust við vímuefni, einelti og ofbeldi er öruggara umhverfi fyrir börnin okkar. Vitneskjan um foreldra á rölti virkar þar að auki letjandi á óróaseggi og skapar öryggi fyrir þá sem eiga undir högg að sækja. Við viljum því hvetja alla til að taka vel í það þegar bekkjartenglarir hringja í ykkur og biðja ykkur um að rölta.

Að lokum minnum við á að útvistartími barna 12 ára og yngri er til kl. 20 og 13-16 ára barna til kl. 22. Það skal auk þess bent á að þetta eru landslög.



Hva ! Jólamynd strax????
Hvurslags er þetta ?



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri